



Þjóðhagsspá í mars

Economic forecast, March

Samantekt

Hagvöxtur reyndist vera 6,4% á síðasta ári og var m.a. drifinn áfram af aukningu einkaneyslu og bata í útflutningi. Í ár eru horfur á að hagvöxtur verði 3,8%. Reiknað er með hægari vexti innlendrar eftirspurnar en að framlag utanríkisviðskipta til hagvaxtar verði jákvætt.

Mikill kraftur hefur verið í einkaneyslu síðustu tvö ár sem jókst um 7% árið 2021 og 8,6% árið 2022. Gert er ráð fyrir að hægi á einkaneyslu í ár og hún vaxi um 1,9%. Sterk staða vinnumarkaðar styður við einkaneyslu en mikil verðbólga og hátt vaxtastig draga hins vegar úr kaupmætti. Horfur eru á vaxandi einkaneyslu á spátímanum samhliða minnkandi verðbólgu. Samneysla hins opinbera jókst um 1,6% í fyrra. Búist er við að samneysla muni vaxa um 2% í ár og 1,7% á næsta ári en að heldur dragi úr vextinum næstu ár. Hluttur samneyslu í vergri landsframléiðslu var tæplega 26% í fyrra og er gert ráð fyrir að hlutfallið verði nokkuð stöðugt í ár og á næsta ári.

Horfur eru á hægari vexti atvinnuvegafjárfestingar í ár eftir umtalsverða aukningu síðustu tveggja ára. Reiknað er með að atvinnuvegafjárfesting aukist um 3,4% í ár. Fyrir utan samdrátt í fjárfestingum skipa og flugvéla er áætlað að aukningin verði á breiðum grunni. Árið 2024 er gert ráð fyrir að atvinnuvegafjárfesting aukist um 5,4%. Fjárfesting í íbúðarhúsnæði dróst saman um 6,3% í fyrra annað árið í röð. Fjöldi starfandi í byggingariðnaði jókst um rúm 11% á síðasta ári og voru í lok árs um 17.000 manns starfandi, það mesta síðan 2008. Búist er við rúmlega 14% vexti íbúðafjárfestingar í ár og um 8% vexti á næsta ári en svo hægi á aukningunni. Fjárfesting hins opinbera dróst saman um 0,9% í fyrra. Gert er ráð fyrir að 3,5% samdráttur verði í fjárfestingu hins opinbera í ár m.a. vegna frestunar fjárfestingaverkefna ríkissjóðs til að draga úr verðbólgu. Á næsta ári er áætlað að fjárfesting hins opinbera vaxi um 2,1%.

Útflutningur hefur aukist mikið á undanförunum tveimur árum vegna fjölgunar erlendra ferðamanna. Þrátt fyrir það reyndist framlag utanríkisviðskipta til hagvaxtar í fyrra neikvætt vegna mikils vaxtar innflutnings sem m.a. er rakinn til meiri neyslu erlendis og innflutnings hrá- og rekstrarvara. Talið er að útflutningur vaxi um 7,8% í ár og innflutningur um 5,1%. Halli hefur verið á jöfnuði vöru- og þjónustuviðskipta við útlönd síðastliðin þrjú ár og gangi þjóðhagsspáin eftir verður áfram halli til 2026.


Verðbólguhorfur hafa versnað. Mikil alþjóðleg verðbólga, gengisveiking undir lok ársins og spennu á vinnumarkaði hafa ýtt undir verðbólguþrýsting innanlands. Í ár eru horfur á að vísitala neysluverðs hækki um 8,2% að meðaltali milli ára. Á næsta ári er reiknað með að dragi úr verðbólgu og hún verði 4,6%, m.a. vegna hjöðnunar verðbólgu erlendis og minni spennu í hagkerfinu. Árið 2025 er gert ráð fyrir 3% verðbólgu og hún verði nálægt 2,5% verðbólgu markmiði eftir það.

Atvinnuleysi á síðasta ári var að meðaltali 3,8%. Á sama tíma var mikil mannfjöldaaukning en fólki á vinnufærum aldri fjölgaði um 2,7%. Atvinnuþátttaka jókst einnig og var 80,1% samanborið við 78,8% árið 2021. Gert er ráð fyrir að staða á vinnumarkaði verði áfram sterk í ár og atvinnuleysi að meðaltali 3,8% líkt og í fyrra. Horfur eru á að mannfjöldaaukning verði áfram mikil og að fólki á vinnufærum aldri fjölgi svipað og á síðasta ári sem verði helsti drifkraftur aukningar í heildarvinnustundum í ár. Gert er ráð fyrir að atvinnuleysi aukist árið 2024 samhliða minni hagvexti og verði 4%.


Heildarskuldir heimila eru lágir samanborið við ráðstöfunartekjur, eignir og verga landsframleiðslu. Skuldir atvinnufyrirtækja hafa aukist undanfarin misseri en sem hlutfall af landsframleiðslu er staða þeirra hagstæð. Nokkur órói hefur verið á fjármálamörkuðum sökum rekstrarerfiðleika erlendra viðskiptabanka en samanlagt eiginfjárhlutfall innlendra kerfislega mikilvægra banka er 2,3-4 prósentustigum yfir lágmarkskröfum Seðlabanka Íslands. Hrein erlend skuldastaða Íslands í árslok var jákvæð um 24,2% af vergri landsframleiðslu.

Helstu óvissuþættir í tengslum við spána:

- Verðbólguþróun innanlands og erlendis.
- Alþjóðlegar efnahagshorfur.
- Niðurstöður kjarasamninga.
- Stríðsátök í Úkraínu.



Heimild: Hagstofa Íslands.




Heimild: Hagstofa Íslands.

Alþjóðleg efnahagsmál

Alþjóðleg barátta við verðbólgu, innrás Rússlands í Úkraínu og fjölgun kórónuveirusmita í Kína hafði töluverð áhrif á alþjóðleg efnahagsmál árið 2022. Hagvöxtur í helstu viðskiptaríkjum Íslands var rúmlega 3% í fyrra þrátt fyrir erfiðleika í heimshagkerfinu. Hagvaxtarhorfur í helstu viðskiptalöndum eru heldur lakari í ár. Vaxtahækkunarir flestra seðlabanka vegna baráttu við verðbólgu vega þar þungt og áframhaldandi stríðsátök í Úkraínu en áhrifa þeirra gætir víða. Gert er ráð fyrir að hagkerfi helstu viðskiptalanda Íslands vaxi um 0,7% í ár og 1,4% á næsta ári.

Verðbólga í helstu viðskiptalöndum Íslands jókst um mitt ár 2021 og jafnt og þétt út árið 2022. Verðbólga hefur verið þrálátari en búist var við en líklegt er að hámarki hafi verið náð á seinasta fjórðungi síðasta árs. Verðbólga mælist enn há í helstu viðskiptalöndum Íslands en hefur hjaðnað undanfarna mánuði. Undirliggjandi verðbólga mælist enn sögulega há á evrusvæðinu, í Bretlandi og í Bandaríkjunum, þó að dregið hafi úr henni í Bandaríkjunum undanfarna mánuði. Undirliggjandi verðbólga á evrusvæðinu hefur hækkað síðastliðna mánuði og gæti áfram verið þrálát. Gert er ráð fyrir að viðskiptavegin verðbólga í helstu viðskiptaríkjum Íslands verði um 5,3% að jafnaði í ár en hjaðni eftir það og verði um 2,3% árið 2024.



Skýringar: Mánaðarlegar tölur, síðasta gildi febrúar 2023.

Heimild: Alþjóðabankinn og Hagstofa Íslands.

Verð á olíu hækkaði um tæp 40% í fyrra, einkum fyrri hluta ársins, í kjölfar innrásar Rússlands í Úkraínu og fyrirætlana Evrópusambandsins um að draga úr notkun olíu frá Rússlandi í kjölfarið. Verðið lækkaði um mitt árið vegna uppsöfnunar birgða þar sem dró úr efnahagsumsvifum í heiminum um leið og framleiðsla jókst. Nokkrar sveiflur hafa verið í olíuverði það sem af er ári. Samkvæmt nýlegri mánaðarskýrslu Samtaka olúframleiðsluríkja (OPEC) var þrýstingur á lækkun olúverðs í febrúar. Ástæðan er verðlækkun á eignamörkuðum, væntingar um vaxtahækkunarir flestra seðlabanka, styrking Bandaríkjadals og sala á olíu úr varaförða Bandaríkjanna. Á móti hafa væntingar um sterkari eftirspurn frá Kína, tilkynning Rússlands um samdrátt olúframleiðslu frá og með mars og framleiðsluferfiðleikar í Noregi dregið úr verðlækkunum. Miðað við verð í framvirkum samningum í byrjun mars er búist við að olíuverð lækki um tæp 15% í ár og lækki áfram hægt næstu ár.

Útflutningsverð áls frá Íslandi hækkaði um 31,4% í fyrra í kjölfar 44% hækkunar árið 2021. Heimsmarkaðsverð á áli hefur lækkað en það náði hámarki í mars í fyrra í kjölfar innrásar Rússlands í Úkraínu. Í lok febrúar ákváðu bandarísk stjórnvöld að setja innflutningstoll á allt ál framleitt í Rússlandi sem hluta af viðskiptaþvingunum í kjölfar innrásarinnar. Þessar aðgerðir hafa þó haft lítil áhrif á heimsmarkaðsverð á áli þar sem verulega hafði dregið úr innflutningi Bandaríkjanna á áli frá Rússlandi sem var kominn niður í um 3% af heildarinnflutningi áls. Verð í

framvirkum samningum gefa til kynna að álverð hækki lítillega í ár og næstu ár frá núverandi stöðu. Þar sem verð á áli hækkaði mikið á fyrri hluta ársins 2022 en lækkaði á þeim seinni er gert er ráð fyrir að heimsmarkaðsverð á áli lækki að meðaltali um 9% í ár en hækki svo að jafnaði um rúmlega 4% á ári 2024-2025. Í fyrra hækkaði útflutningsverð íslenskra sjávarafurða í erlendum gjaldmiðli mikið þar sem mestra áhrifa gætti af verði á botnfiski. Vísbendingar eru um að útflutningsverð hafi lækkað lítillega á fyrstu tveimur mánuðum ársins en í spánni er gert ráð fyrir að í ár og á næsta ári verði hófleg lækkun.

Aðrar hrávörur hækkuðu hratt í verði við upphaf stríðsátaka í Úkraínu en verð lækkaði aftur og náði sama stigi og það var fyrir innrásina um mitt ár í fyrra. Útlit er fyrir að verð á öðrum hrávörum lækki áfram. Spár alþjóðastofnana gera ráð fyrir að verðið verði að jafnaði um 8,5% lægra í ár en í fyrra og að árin 2024-2025 lækki verð að jafnaði um rúmlega 1,6% á ári.


Viðskiptakjörin bötnuðu um 3,7% í fyrra einkum vegna hás útflutningsverðs sjávarafurða og áls. Gert er ráð fyrir að viðskiptakjör versni í ár þar sem útlit er fyrir að verð sjávarafurða og áls muni lækka en lækkandi verð olíu og annarra hrávara vegi að einhverju leyti á móti rýrnun viðskiptakjara.

Utanríkisviðskipti


Á síðasta ári var um 27,5 milljarða halli á jöfnuði vöru og þjónustu samanborið við um 66,3 milljarða halla árið áður. Aukin umsvif í útflutningi tengd ferðapjónustu og hærra verðmæti álframleiðslu skýra m.a. batann en á móti vegur meira verðmæti innflutnings. Útflutningur jókst um 20,6% frá fyrra ári sem að mestu má rekja til mikils vaxtar þjónustu en í fyrra voru erlendir ferðamenn um milljón fleiri en árið 2021 sem var í samræmi við áætlanir nóvemberspár. Þrátt fyrir mestan vöxt útflutnings frá árinu 2007 reyndist framlag utanríkisviðskipta til hagvaxtar lítillega neikvætt sökum 19,7% vaxtar innflutnings, að mestu vegna neyslu Íslendinga erlendis og innflutnings hrá- og rekstrarvara.

Horfur eru á hóflegri vexti útflutnings í ár en undanfarin tvö ár og gert ráð fyrir að hann verði fast að 7,8%. Talið er að vöxtur ferðapjónustu verði sem fyrr helsti drifkraftur aukningarinnar þar sem gert er ráð fyrir að um 2,1 milljón ferðamanna komi til landsins í ár. Á seinni helmingi síðasta árs og fyrstu tveimur mánuðum þessa árs var fjöldi erlendra ferðamanna á mánuði svipaður og árið 2019 en eyðsla þeirra á mann á föstu gengi var um 16% meiri en árið 2019. Sambærileg þróun er á fjölda gistinóttu þar sem hver ferðamaður ver álfka löngum tíma í landinu og árið 2019. Útlit er fyrir meiri vöxt vöruútflutnings á þessu ári en áður var talið vegna aukins loðnuafla í kjölfar endurskoðunar Hafrannsóknastofnunar á veiðiráðgjöf í lok febrúar. Reiknað er með hægari aukningu útflutnings á árinu 2024, eða um 3,3%, þegar hægir á aukningu ferðamanna en að vöxturinn frá árinu 2025 verði að jafnaði um 2,8% á ári.

Í ár er spáð 5,1% aukningu innflutnings. Ferðum Íslendinga til útlanda hefur fjölgað og neysla þeirra erlendis aukist undanfarin tvö ár. Í ár er gert ráð fyrir hægari aukningu og að brottfarir verði á svipuðu reiki og árið 2019. Reiknað er með hóflegri aukningu vöruinnflutnings í ár eftir mikinn vöxt síðastliðin tvö ár og að hann verði í samræmi við innlend efnahagsumsvif. Áætlað er að vöxtur innflutnings verði um 3,4% á næsta ári og að mestu drifinn af vöruinnflutningi, m.a. vegna aukinna fjárfestingaumsvifa. Hins vegar dragi úr vexti innflutnings árin þar á eftir í samræmi við þróun þjóðarútgjalda.



Heimild: Hagstofa Íslands og Seðlabanki Íslands.





Útlit er fyrir meiri halla á vöru- og þjónustujöfnuði í ár en í fyrra þrátt fyrir jákvætt framlag utanríkisviðskipta til hagvaxtar. Helsta ástæða þessa eru versnandi viðskiptakjör vegna verðþróunar vöruviðskipta við útlönd. Af þessu leiðir að jöfnuður vöru og þjónustu verður neikvæður um sem nemur 1,6% af landsframleiðslu í ár. Talið er að jöfnuðurinn verði áfram neikvæður á næsta ári vegna innflutningsdrifinna umsvifa og hann haldist neikvæður þar til undir lok spátímans. Samtala þáttatekjuafnaðar, sem inniheldur hreinar færslur við útlönd vegna launa, vaxta og arðs, og rekstrarframlaga á síðastliðnu ári reyndist neikvæð um sem nemur 0,8% af landsframleiðslu en umtalsverður afgangur var árin 2018 til 2020. Viðsnúningurinn skýrist að mestu af afkomu innlendra fyrirtækja í eigu erlendra aðila og auknum rekstrarframlögum til útlanda. Viðskiptajöfnuður reyndist neikvæður um 1,5% af landsframleiðslu á síðasta ári en gert er ráð fyrir að hallinn verði ríflega 2% í ár. Til samræmis við áætlaðan jöfnuð vöru og þjónustu er útlit fyrir bata á viðskiptajöfnuði frá næsta ári.

Þjóðarútgjöld

Einkaneysla

Á síðasta ári var mikill kraftur í einkaneyslu sem jókst um 8,6% frá fyrra ári þrátt fyrir aukna verðbólgu. Vöxturinn á fyrri hluta ársins var 11,5% en samhliða hækkandi verðbólgu og hertum fjárhagsskilyrðum hægði á vexti einkaneyslu síðari hluta ársins þegar hann var 6%. Á árinu 2022 jukust ráðstöfunartekjur heimila um 9,2%. Á sama tíma hækkaði vísitala neysluverðs um 8,3%. Kaupmáttur jókst því töluvert minna en einkaneysla á síðasta ári en heimilin hafa getað nýtt sparnað sem safnaðist í kórónuveirufaraldrinum til að styðja við neyslu. Gert er ráð fyrir að áfram hægist á einkaneyslu í ár og að hún vaxi um 1,9%.

Samsetning einkaneyslu breyttist mikið eftir faraldurinn. Neysla jókst innanlands þegar ekki var hægt að ferðast erlendis og vörukaup jukust en hlutur þjónustu minnkaði vegna samkomutakmarkana. Samsetning einkaneyslu er nú að færast nær fyrra horfi. Útgjöld heimila erlendis voru 9,2% af einkaneyslu í fyrra en voru 4,3% árið 2020 og 5,1% árið 2021. Brottfarir Íslendinga um Keflavíkurlflugvöll voru 587 þúsund talsins í fyrra og fjölgaði um 167% á milli ára. Gert er ráð fyrir að brottförum fjölgi í ár og útgjöld heimila erlendis nálgist álíka hlutfall af einkaneyslu og áður en meðaltal áranna 2017-2019 var um 11%.




Skýringar: Innlend kortavelta verðlagsleiðrétt með vísitölu neysluverðs án húsnæðis. Kortavelta erlendis verðlagsleiðrétt með gengisvísitölu og verðbólgu viðskiptalanda. **Heimild:** Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands og OECD.

Væntingar heimila um efnahagshorfur til næstu sex mánaða versnuðu á síðasta ári, skv. væntingavísitölu Gallup, samhliða verri horfum um verðbólgu og versnandi efnahagsaðstæðum ytra. Væntingar hafa verið nokkuð stöðugar síðastliðna mánuði en lítillega fleiri eru neikvæðir en jákvæðir. Ókyrrð hefur verið á fjármálamörkuðum síðustu vikur vegna erfiðleika evrópskra og bandarískra banka en óljóst er hver áhrifin á væntingar heimila verða.

Aukin atvinna, m.a. í tengslum við fjölgun ferðamanna, mun styðja við einkaneyslu næstu ára. Mikil verðbólga og hátt vaxtastig draga hins vegar úr kaupmætti. Fjárhagsstaða heimila er almennt talin sterk og skuldsetning er sögulega lág. Viðbúið er hins vegar að greiðslubyrði heimila hækki á komandi árum. Óverðtryggð húsnæðislán að upphæð 707 milljarða króna koma þá til vaxtaendurskoðunar en flest voru tekin þegar vaxtakjör voru töluvert hagstæðari en nú.¹ Há greiðslubyrði nýrra óverðtryggðra lána mun vera hvati til að endurfjármagna með verðtryggðum lánnum. Samkvæmt þjóðarpólisi Gallup í febrúar hefur fjárhagur heimila versnað eftir samfelld bataskeið frá árinu 2010. Fjölgar nú í hópi þeirra sem safna skuldum eða þurfa að nýta sparnað til að ná endum saman.²

Gert er ráð fyrir að einkaneysla aukist um 2,1% árið 2024 og um 2,6% að meðaltali út spátímabilið. Hluttur einkaneyslu í vergri landsframleiðslu var 52,3% árið 2022. Áætlað er að hluttur einkaneyslu verði 52,7% í ár og að meðaltali um 52,1% á spátímabilinu sem er lítillega yfir meðaltali síðustu 10 ára.



Heimild: Hagstofa Íslands.

¹ Úr riti Fjármálastöðugleika Seðlabanka Íslands 2023/1.



² <https://www.gallup.is/frettir/fjarhagsstada-heimilanna-2023feb/>

Samneysla og opinber fjármál

Samneysla hins opinbera jókst um 1,6% í fyrra og hefur raunvöxtur samneyslu ekki verið lægri frá árinu 2016. Samneysluútgjöld hins opinbera námu tæplega 976 milljörðum króna í fyrra sem er 8,8% aukning frá fyrra ári. Samneysla ríkissjóðs var um 470 milljarðar króna og óx um 8,7% að nafnvirði á milli ára. Samneysla sveitarfélaga jókst um 9,6% á milli ára og var tæpir 400 milljarðar króna og samneysla almannatrygginga var um 106 milljarðar króna sem jafngildir 6,3% aukningu að nafnvirði á milli ára.

Samkvæmt niðurstöðum Hagstofu Íslands er áætlað að heildartekjur hins opinbera hafi aukist um 17,3% í fyrra. Áætlað er að tekjur ríkissjóðs hafi vaxið um 20,3% og tekjur sveitarfélaga hafi aukist um 10%. Heildarútgjöld hins opinbera uxu um 7,5% í fyrra. Vöxtur heildarútgjalda ríkissjóðs var um 6,6% og sveitarfélaga um 10,9%. Tekjuafkoma hins opinbera var neikvæð um 4,3% af vergri landsframleiðslu í fyrra eða sem nemur tæplega 162 milljörðum króna. Þar af var halli ríkissjóðs um 132 milljarðar króna og sveitarfélaga um 43 milljarðar króna. Afgangur af rekstri almannatrygginga varð rúmlega 13 milljarðar en taka verður tillit til að rúmlega 99% af tekjum almannatrygginga renna úr ríkissjóði. Afkoman í fyrra sem hlutfall af vergri landsframleiðslu var töluvert betri en árin 2020 og 2021 þegar hallinn nam 9% og 8,4%.

Fjárlög ársins 2023 voru samþykkt á Alþingi í desember síðastliðnum. Samþykkt fjárlög tóku nokkrum breytingum frá frumvarpi til fjárlaga sem var lagt fyrir í september. Í frumvarpi til fjárlaga var gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs myndu aukast um 8,4% að nafnvirði og að útgjaldaaukningin yrði 2,9%. Niðurstaðan í samþykktum fjárlögum varð að gert er ráð fyrir að tekjur aukist um rúmlega 11% á sama tíma og að útgjöld hækki um rúmlega 8%. Niðurstaða fjárlaga ársins 2023 gerði ráð fyrir um 120 milljarða halla á árinu sem var um 30 milljarða lakari afkoma en gert var ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu. Verri afkoma skýrðist að einhverju leyti af uppreiknuðum vaxtajöfnuði vegna breyttra vaxta- og verðlagsforsendna. Samkvæmt nýjasta mati fjármálaráðuneytisins verður afkoma ríkissjóðs hins vegar talsvert betri en búist var við í fjárlögum þar sem útlit er fyrir að verðbólga og umsvif í hagkerfinu verði meiri en áður var gert ráð fyrir.



Heimild: Fjármála- og efnahagsráðuneytið, Hagstofa Íslands og sveitarfélög.

Gert er ráð fyrir að samneysla hins opinbera vaxi um 2% í ár og 1,7% á næsta ári en að heldur dragi úr vextinum næstu ár. Hlutfall samneyslu af vergri landsframleiðslu náði hámarki árið 2020 þegar aðgerðir stjórnvalda gegn efnahagslegum áhrifum kórónuveirufaraldursins stóðu sem hæst. Það ár var hlutur samneyslu í vergri landsframleiðslu rúmlega 28% en samhliða kröftugum hagvexti síðastliðinna tveggja ára hefur hann minnkað og var tæplega 26% í fyrra. Gert er ráð fyrir að hlutur samneyslu í vergri landsframleiðslu haldist nokkuð stöðugur í ár og á næsta ári en lækki eftir það.


Fjárfesting

Atvinnuvegafjárfesting

Samkvæmt bráðabirgðauppgjöri þjóðhagsreikninga jókst atvinnuvegafjárfesting um 15,2% á síðasta ári. Aukningin var almenn en atvinnuvegafjárfesting, sem undanskilur sveiflukennda liði á borð við stóriðju, skip og flugvélar, jókst um 18,5% á milli ára. Mikil vöxtur var í fjárfestingu í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð sem jókst um 28,5%. Viðsnúningur var í fjárfestingu í gististöðum og veitingarekstri sem jókst um 43,1% eftir að hafa dregist saman um ríflega 40% tvö ár í röð. Fjárfesting í heild- og smásöluverslun jókst einnig um tæplega 40%. Fjárfesting í stóriðju og orkutengdum greinum jókst um 3,4% á síðasta ári en fjárfesting í skipum og flugvélum dróst saman um 4,3%. Í síðustu útgáfu þjóðhagsreikninga var aðferð við mat á leigusamningum á flugvélum breytt í þjóðhagsreikningum og utanríkisviðskiptum. Við þetta lækkar vöruinnflutningur og fjármunamyndun. Endurskoðunin nær til árána 2018-2022 og við það dregur talsvert úr atvinnuvegafjárfestingu á tímabilinu.

Horfur eru á hægari vexti atvinnuvegafjárfestingar í ár eftir umtalsverða aukningu síðustu tveggja ára sem mátti upphaflega rekja til bata í kjölfar kórónuveirufaraldursins. Reiknað er með að atvinnuvegafjárfesting aukist um 3,4% í ár, sem að hluta til stafar af samdrætti í skipa- og flugvélafrjárfestingu, en án þeirra yrði aukningin rúmlega 9%. Áætlað er að aukningin nái til margra greina. Vöxtur hefur verið í mörgum undirliðum atvinnuvegafjárfestingar og útlán til fyrirtækja hafa aukist að undanfögnu þó fjármögnunarskilyrði hafi versnað með hækkingu stýrivaxta. Útlit er fyrir aukningu í stóriðju- og orkutengdum fjárfestingum í ár og næstu ár. Árið 2024 er reiknað með 5,4% aukningu og 2,7% aukningu árið 2025. Eftir það er áætlaður hægari vöxtur meðan fjárfestingarkúfur í orku- og stóriðjuframkvæmdum fjarar út.

Á síðasta ári var hlutur atvinnuvegafjárfestingar í vergri landsframleiðslu 13,5% og hafði ekki verið svo hár frá árinu 2018. Reiknað er með að hlutur atvinnuvegafjárfestingar verði svipaður framan af spátímanum sem er nálægt meðaltali frá upphafi aldarinnar. Hlutur heildarfjárfestingar í vergri landsframleiðslu reyndist vera 22,4% sem er svipað hlutfall og árið 2021. Í spánni er reiknað með að hlutfallið haldist á svipuðu róli, lítillega yfir langtíameðaltali.




Heimild: Hagstofa Íslands.


Íbúðafjárfesting og íbúðamarkaður

Fjárfesting í íbúðarhúsnæði hefur dregist saman síðustu tvö ár en á síðasta ári dróst hún saman um 6,3%. Samkvæmt tölum frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS) fjölgaði fullgerðum íbúðum um tæplega 2.900 árið 2022 sem eru rúmlega 300 færri íbúðir en voru fullkláraðar á árinu 2021. Samkvæmt sömu niðurstöðum voru um 7.400 ófullbúnar íbúðir á landinu í lok árs 2022 en þá eru byggingaráform talin með, þ.e. íbúðir skráðar með matsstig 0 og 1. Þetta er nokkur fjölgun frá árslokum 2021 þegar tæplega 5.600 ófullbúnar íbúðir voru á landinu.

Fjöldi starfandi í byggingariðnaði jókst um rúmlega 11% á síðasta ári. Í lok árs voru um 17.000 manns starfandi í byggingariðnaði og hafa ekki verið fleiri frá ágúst 2008. Töluverð aukning varð einnig í virðisaukaskattskyldri veltu í atvinnugreinaflokkum 41 (Bygging húsnæðis; þróun byggingarverkefna) og 43 (Sérhæfð byggingarstarfsemi). Veltan jókst um rúm 27% árið 2022. Vert er að hafa í huga að ekki er hægt að greina nákvæmlega hve stór hluti veltunnar flokkast til bygginga íbúðarhúsnæðis þar sem einhver hluti fellur undir almenna atvinnuvegafjárfestingu. Innflutningur byggingarefna jókst talsvert í fyrra en innflutningur á sementi jókst um rúmlega 30% og innflutningur steypustyrktarjárns um tæplega 80%.



Heimild: Hagstofa Íslands.



Gert er ráð fyrir að kröftugur vöxtur verði í íbúðafjárfestingu í ár og á næsta ári. Búist er við að vöxturinn verði 14,1% í ár og 8,1% á næsta ári en svo hægi á aukningunni og hún verði 3,9% árið 2025.

Árið 2020 náði hlutur íbúðafjárfestingar í vergri landsframleiðslu sínu hæsta gildi frá árinu 2007 þegar hlutfallið var um 5,9% í kjölfar kröftugs vaxtar. Á síðastliðnum tveimur árum hefur hlutfallið lækkað samhliða samdrætti í íbúðafjárfestingu og var um 4,9% í fyrra. Í ár er gert ráð fyrir að hlutur íbúðafjárfestingar aukist og verði um 5,6% en vaxi hægt eftir það og verði rúmlega 5,8% árið 2025.



Útlit er fyrir að ró hafi færst yfir fasteignamarkaðinn eftir verðhækkunar tveggja síðustu ára. Samkvæmt mánaðarskýrslu HMS í febrúar voru um þriðjungur fleiri íbúðir auglýstar til sölu á landinu öllu en á sama tíma í fyrra auk þess sem hlutfall íbúða sem seljast yfir ásettu verði hefur lækkað. Miðað við vísitölu markaðsverðs íbúðarhúsnæðis, sem mælir húsnæðisverð á landinu öllu, húsnæðisverð lækkaði á milli mánaða þrjú mánuði í röð og mældist 12 mánaða hækkunin tæp 16% í febrúar. Ársbreyting húsnæðisverðs náði hámarki í júlí í fyrra þegar að hún var tæp 25% en vísitalan var 21% hærri að meðaltali í fyrra en árið 2021.

Fjárfesting hins opinbera

Samkvæmt niðurstöðum Hagstofu Íslands er áætlað að fjárfestingarútgjöld hins opinbera hafi verið tæpir 154 milljarðar króna í fyrra sem er 8,8% aukning að nafnvirði. Fjárfestingarútgjöld ríkissjóðs námu þar af tæplega 91 milljarði og jukust um 3,8% á milli ára á verðlagi hvers árs. Vöxtur í fjárfestingarútgjöldum sveitarfélaga var nokkuð kraftmeiri en þau jukust um rúmlega 17% í fyrra og námu tæplega 62 milljörðum króna. Þrátt fyrir aukningu í fjárfestingu hins opinbera að nafnvirði dróst raunvirði fjárfestingaútgjalda hins opinbera saman um 0,9% í fyrra.

Árið 2012 drógust fjárfestingar hins opinbera sem hluti af vergri landsframléiðslu töluvert saman vegna viðbragða við miklum hallarekstri í kjölfar fjármálaáfallsins 2008. Hlutfallið fór í 2,5% árið 2012 en hafði að jafnaði verið um 4,5% síðustu 20 ár þar á undan. Hlutfallið hélst um og undir 3% allt fram til ársins 2018 þegar það jókst í 4,1% og hefur verið að jafnaði um 4% eftir það. Í fyrra var opinber fjárfesting sem hluti af vergri landsframléiðslu um 4%. Reiknað er með að hlutfallið lækki lítillega næstu ár og verði um 3,7% árið 2025 sem er í samræmi við meðaltal síðustu 20 ára.

Miðað við samþykkt fjárlög ársins og fjárhagsáætlanir sveitarfélaga er útlit fyrir að fjárfesting hins opinbera dragist saman um 3,5% í ár. Ein af aðgerðum ríkisstjórnarinnar til að bregðast við þenslu í hagkerfinu og draga úr verðbólgu var að fresta fjárfestingaráformum þar sem hugsanlega gefist tækifæri til öflunar hagstæðari tilboða síðar þegar dregur úr umsvifum á byggingarmarkaði. Gert er ráð fyrir að fjárfestingarútgjöld ríkissjóðs og sveitarfélaga vaxi lítillega í ár að nafnvirði. Árið 2024 er gert ráð fyrir að fjárfesting ríkissjóðs taki við sér m.a. vegna kaupa á nýju hafrannsóknarskipi sem áætlað er að komi til landsins á þriðja fjórðungi næsta árs. Áætlanir sveitarfélaga gera hins vegar ráð fyrir samdrætti í fjárfestingarútgjöldum árið 2024 að nafnvirði. Gert er ráð fyrir að fjárfesting hins opinbera vaxi um 2,1% að raunvirði árið 2024 og 1% árið 2025.




Heimild: Fjármála- og efnahagsráðuneytið, Hagstofa Íslands og sveitarfélög.

Vinnumarkaður og laun

Atvinnuleysi á síðasta ári var að meðaltali 3,8% samkvæmt vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands (VMR). Á sama tíma var mikil mannfjöldaaukning en fólki á vinnufærum aldri fjölgaði um 2,7%. Atvinnuþátttaka jókst einnig og var 80,1% samanborið við 78,8% árið 2021.


Heildarvinnustundir jukust um 6,7% á síðasta ári sem er mesta aukning frá upphafi VMR. Gert er ráð fyrir að staða á vinnumarkaði verði áfram sterk í ár og atvinnuleysi að meðaltali 3,8% líkt og í fyrra. Horfur eru á að mannfjöldaaukning verði áfram mikil og að fólki á vinnufærum aldri fjölgi svipað og á síðasta ári sem verði helsti drifkraftur aukningar í heildarvinnustundum í ár. Gert er ráð fyrir að atvinnuleysi aukist árið 2024 samhliða minni hagvexti og verði 4%.



Heimild: Hagstofa Íslands og Vinnumálastofnun.

Störfum fjölgaði mikið árið 2022 en að meðaltali voru 7,4% fleiri launþegar á staðgreiðsluskrá en árið 2021. Fjölgunin var mest í einkennandi greinum ferðaþjónustu. Til að mynda fjölgaði launþegum á ferðaskrifstofum og í bókunarþjónustu um 58%, á glististöðum og í flutningum með flugi um 50% og í veitingaþjónustu um 24%. Eftirspurn eftir vinnuafli var mikil á árinu 2022 en samkvæmt könnun Hagstofu Íslands var hún mest á öðrum ársfjórðungi þegar laus störf voru 13.120. Á fjórða ársfjórðungi voru 6.220 laus störf samanborið við 5.370 á sama tímabili árið áður. Búast má við að störfum fjölgi áfram í ferðaþjónustu samhliða fjölgun ferðamanna.

Launavísitalan hækkaði að meðaltali um 8,3% á síðasta ári líkt og vísitala neysliverðs og vísitala kaupmáttar launa stóð því í stað á árinu. Samningar meirihluta aðila á almennum vinnumarkaði voru undirritaðir í lok síðasta árs sem skýrir mikla hækkun launavísitölu í desember 2022. Nýir samningar kveða á um taxtahækkanir að fjárhæð 35-52 þúsund krónur hjá félögum Starfsgreinasambandsins og 6,75% hækkun hjá félögum VR og LÍV með 66 þúsund krónu hámarki. Þá hækka laun einnig vegna breytinga á launatöflum. Gert er ráð fyrir að samningar á opinbera markaðinum verði í samræmi við almenna markaðinn og að nýir samningar taki við þegar flestir þeirra renna út í lok mars. Horfur eru á að vísitala kaupmáttar launa aukist um 0,4% í ár. Nýgerðir kjarasamningar renna út í janúar 2024. Óvissa um launahækkanir næstu ára er því mikil en gert er ráð fyrir að vísitala kaupmáttar launa hækki á spátímanum samhliða lækkingu verðbólgu.




Skýringar: Kaupmáttur miðað við vísitölu neysluverðs.
Heimild: Hagstofa Íslands.


Verðbólga, gengi og stýrivextir

Verðlag hefur hækkað umtalsvert síðastliðið ár. Árið 2022 hækkaði vísitala neysluverðs um 8,3% að meðaltali á milli ára. Orsakir verðbólgunnar eru margar og á breiðum grunni. Ólíkt fyrri verðbólgutímabilum hér á landi stafar verðþrýstingur erlendis frá, bæði vegna almennrar verðbólgu og hás hrávöruverðs. Verðbólga í OECD-ríkjum var t.d. 9,6% á síðasta ári og hefur ekki verið jafn mikil síðan árið 1988. Verðþrýstingur á innfluttar vörur hefur ekki einvörðungu komið að utan en undir lok ársins 2022 veiktist gengi krónunnar nokkuð hratt eða um tæp 7% frá september til janúar 2023. Innanlands hafa spenna á vinnumarkaði og kjarasamningar einnig aukið launakostnað en helstu áhrif á verðbólguna hafði 16% hækkun á húsnæðislið neysluverðsvísitölunnar á síðasta ári. Án húsnæðis hækkaði vísitala neysluverðs um 6,1%.

Í febrúar hækkaði vísitala neysluverðs um 10,2% frá fyrra ári og hefur ekki hækkað jafn mikið á milli ára frá september 2009. Húsnæðisliður vísitölunnar hækkaði um 15% á milli ára í febrúar en dregið hefur úr hækkunum á milli mánaða að undanfögnu. Þriðjungur ársbreytingar vísitölu neysluverðs í febrúar stafaði af verðbreytingum á húsnæðisliðnum en án hans var verðbólgan 8,9%. Að undanfögnu hafa matvörur hækkað umtalsvert, m.a. vegna aukins aðfangakostnaðar og veikara gengis. Búvörur og grænmeti hækkuðu um 15,1% á milli ára í febrúar, aðrar innlendar matvörur um 9,2% og innfluttar mat- og drykkjarvörur um 10,4%. Verð á bensíni hefur lækkað á milli mánaða síðustu misseri eftir miklar hækkanir fyrri hluta síðasta árs og í febrúar var verðbreytingin á ári 19,5%. Verð á bílum og varahlutum hækkaði um 12,1% á milli ára sem má að hluta rekja til breytingar á skattlagningu rafbíla í upphafi ársins. Verð á opinberri þjónustu hækkaði um 7,3% í febrúar og önnur þjónusta um 7,6%.



Heimild: Hagstofa Íslands og Seðlabanki Íslands.



Skýringar: Mánaðarmeðaltöl, síðasta gildi febrúar 2023.

Verðbólga á Íslandi var að jafnaði lægri á síðasta ári en í nágrannaríkjunum. Miðað við samræmda vísitölu neysluverðs, sem reiknuð er fyrir ríki evrópska efnahagssvæðisins, hækkaði vísitalan um 9,2% í ESB-ríkjum að meðaltali í fyrra en um 5,7% á Íslandi. Síðustu mánuði hefur munur á verðbólgu í ESB og á Íslandi minnkað en í febrúar var 9,9% verðbólga í ESB samanborið við 8,8% aukningu á Íslandi. Í ESB-ríkjum var mikil hækkun á rafmagni og húshitun í kjölfar innrásar Rússa í Úkraínu en sambærilegra áhrifa gætti ekki á Íslandi. Verð á gasi og rafmagni hefur lækkað undanfarið í ESB-ríkjum sem mun líklega hafa mikil áhrif til lækkunar í ár.

Verðbólguhorfur hafa versnað frá útgáfu þjóðhagsspár í nóvember. Verðhækkunarir í upphafi árs hafa verið umtalsverðar og komið fram víða. Verðbólguvæntingar heimila og fyrirtækja hafa versnað og verðbólguálag á mörkuðum hækkað. Mikil alþjóðleg verðbólga, gengisveiking undir lok ársins og spennna á vinnumarkaði auka á verðbólguþrýsting innanlands. Í ár eru horfur á að vísitala neysluverðs hækki um 8,2% að meðaltali á milli ára. Á næsta ári er reiknað með að dragi úr verðbólgu sem verði 4,6%, m.a. vegna hjöðunar verðbólgu erlendis og minni spennu í hagkerfinu. Árið 2025 er gert ráð fyrir 3% verðbólgu og hún verði nálægt 2,5% verðbólgu markmiði eftir það.

Á síðasta ári styrktist gengi krónunnar að meðaltali um 3%. Gengið styrkist um 4,4% á fyrri hluta árs en veiktist þegar leið á árið. Síðustu mánuði ársins 2022 veiktist gengi krónunnar talsvert, sérstaklega gagnvart evru sem vegur þyngst í gengisvísitölunni. Gengi krónunnar hefur haldist nokkuð stöðugt á árinu og í febrúar hafði það veikt um 6,5% frá síðasta ári. Nokkrar ástæður gætu legið að baki veikingu gengisins eins og mikill viðskiptahalli, breyttar væntingar markaðsaðila og útflæði fjármagns, m.a. vegna kaupa lífeyrissjóða á erlendum verðbréfum. Í þjóðhagsspá er gert ráð fyrir að gengi krónunnar verði á svipuðu reiki og verið hefur í ár.

Raugengisvísitala krónunnar hækkaði um 3,9% á síðasta ári en í sögulegu samhengi er raugengi hins vegar í langtímameðaltali.

Á síðasta ári versnuðu verðbólguhorfur hratt og brást peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands við með snarpri hækkun vaxta. Nefndin hækkaði stýrivexti úr 2% í 6% á árinu. Mestar voru hækkunarir á fyrri hluta ársins en dró úr þeim þegar hægst hafði á miklum mánaðarhækkunum vísitölu neysluverðs og horfur virtust stöðugri. Í upphafi ársins jókst verðbólga umfram væntingar og verðbólguhorfur versnuðu. Í febrúar hækkaði nefndin vexti á ný um 0,75% og í mars um 1%. Helstu ástæður hækkana voru sagðar aukinn verðbólguþrýstingur, háar verðbólguvæntingar, kröftug innlend eftirspurn og spennna á vinnumarkaði. Vextir hafa hækkað mikið en þó hafa raunstýrivextir verið neikvæðir í um þrjú ár eða frá upphafi kórónuveirufaraldursins.



Fjármálaleg skilyrði

Hagtölur um stöðu heimila og atvinnufyrirtækja benda til þess að efnahagur þeirra sé traustur hvort sem horft er til öflunar tekna, eigna til ráðstöfunar eða stöðu hagkerfisins í heild. Hlutfall heildarskulda heimila af ráðstöfunartekjum hefur að jafnaði verið um 150% síðastliðin sjö ár. Árin 2005 til 2015 var hlutfallið mun óhagstæðara eða allt að 210%. Meirihluti skulda heimila er vegna húsnæðisöflunar og sé horft til greiðslubyrði þeirra sýnir nýleg lífskjararannsókn Hagstofu Íslands að hlutfall heimila sem telja húsnæðiskostnað þunga byrði sé með lægsta móti miðað við tímabilið frá árinu 2010. Næstu tvö ár verða vextir á um fjórðungi útistandandi lána heimila endurskoðaðir og haldist núverandi stig útlánvaxta óbreytt fram að þeim tíma má gera ráð fyrir aukinni greiðslubyrði á þessum lánum. Ef verðbólga hjaðnar má aftur á móti gera ráð fyrir að meginvextir Seðlabanka Íslands fari lækkanandi sem gæti haft samsvarandi áhrif á útlánvexti. Innlán heimila jukust á meðan á kórónuveirufaraldrinum stóð og í lok janúar nam virði þeirra um 31% af vergri landsframleiðslu sem samsvarar miðgildi hlutfallsins frá árinu 2003. Skuldir atvinnufyrirtækja hafa aukist undanfarið samkvæmt hagtölum Seðlabanka Íslands, einkum í byggingarstarfsemi og hjá fasteignafélögum þar sem hrein ný útlán hafa aukist hvað mest. Heildarskuldastaða atvinnufyrirtækja er líðlega 80% af vergri landsframleiðslu og er hlutfallið með lægsta móti miðað við þróun þess frá árinu 2003.

Á erlendum fjármálamörkuðum hefur orðið vart við nokkurn titring sem einkum má rekja til rekstrarerfiðleika nokkurra viðskiptabanka vestanhafs, sem teljast hlutfallslega smáir þar í landi,

en sömuleiðis til svissneska fjárfestingabankans Credit Suisse. Við gerð þjóðhagsspár lágu fyrir áætlanir um aðkomu annars svissnesks fjárfestingabanka að rekstri Credit Suisse samhliða aðgerðum Seðlabanka Sviss. Áður en til aðgerðanna kom höfðu erlend hlutabréf lækkað að jafnaði um 4% frá hágildum ársins. Íslenski hlutabréfamarkaðurinn fór ekki varhluta af áhrifum þessara atburða og lækkaði heildarvísitala Aðallista (OMXSPI) íslensku Kauphallarinnar um 4% frá síðasta viðskiptadegi febrúarmánaðar fram undir miðjan mars. Ávöxtunarkrafa tíu ára óverðtryggðra ríkisskuldabréfa lækkaði á sama tíma, mismikið eftir ríkjum. Lækkaði hún um 0,5 prósentustig í Bandaríkjunum í 3,4% en minna hér á landi eða um 0,1 prósentustig í 7,1%. Nýleg greining Seðlabanka Íslands gefur til kynna að samanlagt eiginfjárlutfall innlendra kerfislega mikilvægra banka hafi verið um 23,7% í árslok 2022 eða um 2,3-4 prósentustigum yfir lágmarkskröfum eftirlits Seðlabankans. Í mars var ákveðið að hækka sveiflujöfnunarauka á fjármálafyrirtæki vegna innlendra áhættuskuldbindinga úr 2% í 2,5% frá miðjum mars árið 2024.

Um síðustu áramót var hrein erlend skuldastaða jákvæð um 910 milljarða króna eða um 24,2% af vergri landsframleiðslu samanborið við 39,4% í lok árs 2021. Versnandi stöðu má aðallega rekja til verðlækkana á erlendri verðbræfaeign í eigu innlendra aðila á sama tíma og meginvextir Seðlabanka Bandaríkjanna hækkuðu. Gjaldeyrisorði Seðlabanka Íslands var allt að 837 milljarðar króna í lok febrúar eða um 20,3% af vergri landsframleiðslu og hefur farið lækkandi undanfarin misseri. Um miðjan mars staðfesti matsfyrirtækið Fitch Ratings „A“ lánshæfiseinkunn ríkissjóðs að teknu tilliti til mikils viðnámspróttar hagkerfisins gagnvart ytri áföllum en á móti vegur há skuldastaða hins opinbera ásamt einhæfri útflutningsframleiðslu.



Skýringar: Bráðabirgðatölur fyrir skuldir heimila sem hlutfall af ráðstöfunartekjum árið 2022. Hrein erlend staða þjóðarbúsins án innlánsstofnanna fyrir árin 2008-2014.
Heimild: Eurostat, Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

English summary

Economic growth accelerated to 6.4% last year driven by an increase in private consumption and a robust recovery in exports. For this year, GDP is projected to grow by 3.8%. Growth in domestic demand is expected to ease but the contribution of foreign trade to economic growth will be positive.

Robust growth in private consumption, which increased by 7% in 2021 and 8.6% in 2022, is set to slow down this year and is forecast to grow by 1.9%. Tight labour market conditions support private consumption, but high inflation and rising interest rates reduce purchasing power. Public consumption grew by 1.6% last year. Public consumption growth is expected to be 2% this year and 1.7% next year, but will slow down in the following years.

Business investment is set for slower growth in this year after a significant increase in the last two years. Business investment is forecast to increase by 3.4% this year as growth is expected to be broad-based. In 2024, business investment is expected to increase by 5.4%. Housing investment decreased by 6.3% last year for the second year in a row. The number of people employed in the construction industry increased by over 11% last year to its highest level since 2008. Growth in housing investment is projected to exceed 14% this year and around 8% next year. Public sector investment decreased by 0.9% last year. This year public sector investment is expected to decline by 3.5% due to postponement of investment projects. A turnaround is projected next year as public sector investment is expected to grow by 2.1%.

Exports have grown rapidly in the past two years due to recovery in the tourist sector. Despite strong growth, the contribution of foreign trade to economic growth last year proved to be negative due to the high growth of imports, which is attributed, among other things, to imported services and the imports of commodities. It is estimated that exports will grow by 7.8% this year and imports by 5.1%. For the past three years the balance of trade has been negative and is projected to remain so for the next four years.

Inflation outlook has deteriorated. High global inflation, exchange rate depreciation at the end of the year and a tight labour market have increased domestic inflationary pressure. This year, inflation is forecast to increase by 8.2% from last year. Next year, inflation is expected to ease, reaching 4.6%, due to lower inflation abroad and a cooling economy. Inflation is expected to reach 3% in 2025 and will be close to the 2.5% inflation target in the following years.

Last year the unemployment rate averaged 3.8%. At the same time, there was a large population increase, but the number of people of working age increased by 2.7%. Employment participation also increased and was 80.1% compared to 78.8% in 2021. The labour market is expected to remain robust this year and unemployment is forecast to average 3.8%, similar to last year.

Total household debt is low compared to disposable income, assets and GDP. Total debt of business enterprises has increased in recent months, but is historically low as a percentage of GDP. There has been some turmoil in international financial markets due to the operational difficulties of foreign commercial banks, but the combined capital ratio of domestic systemically important banks is 2.3-4 percentage points above the Central Bank of Iceland's minimum requirements. Iceland's international investment position at the end of 2022 was net positive by 24.2% of GDP.

Tafla 1. Landsframleiðsla 2022–2028
Table 1. Gross domestic product 2022–2028

Magnbreyting frá fyrra ári (%) <i>Volume growth from previous year (%)</i>	2022 ¹	2023	2024	2025	Framreikningur <i>Extrapolation</i>		
					2026	2027	2028
Einkaneysla <i>Private final consumption</i>	8,6	1,9	2,1	2,8	2,5	2,5	2,5
Samneysla <i>Government final consumption</i>	1,6	2,0	1,7	0,8	0,3	0,9	0,7
Fjármunamyndun <i>Gross fixed capital formation</i>	6,9	4,5	5,5	2,7	1,5	0,5	2,3
Atvinnuvegafjárfesting <i>Business investment</i>	15,2	3,4	5,4	2,7	0,2	0,3	2,1
Fjárfesting í íbúðarhúsnæði <i>Housing investment</i>	-6,3	14,1	8,1	3,9	3,4	2,9	2,9
Fjárfesting hins opinbera <i>Public investment</i>	-0,9	-3,5	2,1	1,0	3,4	-2,2	2,1
Þjóðarútgjöld alls <i>National final expenditure</i>	6,4	2,6	2,7	2,3	1,7	1,7	2,0
Útflutningur vöru og þjónustu <i>Exports of goods and services</i>	20,6	7,8	3,3	2,9	2,8	2,8	2,7
Innflutningur vöru og þjónustu <i>Import of goods and services</i>	19,7	5,1	3,4	2,3	1,7	1,4	1,8
Verg landsframleiðsla <i>Gross domestic product</i>	6,4	3,8	2,7	2,6	2,2	2,3	2,4
Vöru- og þjónustujöfnuður (% af VLF) <i>Goods and services balance (% of GDP)</i>	-0,7	-1,6	-1,4	-0,9	-0,3	0,4	0,9
Viðskiptajöfnuður (% af VLF) <i>Current account balance (% of GDP)</i>	-1,5	-2,2	-1,9	-1,4	-0,8	-0,1	0,4
VLF á verðlagi hvers árs, ma. kr. <i>Nominal GDP, billion ISK</i>	3.766	4.112	4.441	4.716	4.957	5.211	5.491
Vísitala neysliverðs <i>Consumer price index</i>	8,3	8,2	4,6	3,0	2,6	2,5	2,5
Gengisvísitala <i>Exchange rate index</i>	-3,0	4,3	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Raungengi <i>Real exchange rate</i>	3,9	-1,7	2,2	0,8	0,6	0,6	0,6
Atvinnuleysi (% af vinnuafli) <i>Unemployment rate (% of labour force)</i>	3,8	3,8	4,0	4,1	4,2	4,1	4,0
Vísitala kaupmáttar launa <i>Real wage rate index</i>	0,0	0,4	0,8	1,1	1,5	1,5	1,5
Hagvöxtur í helstu viðskiptalöndum <i>GDP growth in main trading partners</i>	3,1	0,7	1,4	2,0	1,8	1,6	1,6
Alþjóðleg verðbólga <i>World CPI inflation</i>	7,8	5,3	2,3	2,2	2,0	1,9	1,9
Verð útflutts áls <i>Export price of aluminum</i>	31,4	-8,9	4,7	3,9	3,6	3,4	1,9
Olíuverð <i>Oil price</i>	39,8	-14,8	-5,5	-5,8	-4,9	-4,0	-3,2

¹ Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*











FIGURE 9
Public consumption
Annual real change



FIGURE 10
Public consumption
% of GDP




FIGURE 11
Gross fixed capital formation and contribution of components
Annual change




FIGURE 12
Residential construction
Annual real change




FIGURE 13
Residential construction
% of GDP




FIGURE 14
Public investment
Annual real change



FIGURE 15
Public investment
% of GDP










FIGURE 16
Unemployment
Unemployment - 3 month moving average
Registered unemployment including reduced employment benefits
Registered unemployment





Hagtíðindi

Þjóðhagsspá

Statistical Series *Economic forecast*

108 árg. ♦ 2. tbl. 29. mars 2023

ISSN 1670-4770 Umsjón *Supervision*

Marinó Melsted ♦ marino.melsted@hagstofa.is

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* ♦ Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

www.hagstofa.is ♦ www.static.e.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

Um rit þetta gilda ákvæði höfundalaga. Vinsamlegast getið heimildar.

Reproduction and distribution are permitted provided that the source is mentioned.